

Tölvubréf frá umhverfis- og skipulagssviði dags. 13. febrúar 2020 til íbúaráðs Miðborgar og Hlíða.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillagna að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 60 við Snorrabraut og Skógarhlíð birtist í Frétta- og Lögbirtingablaðinu þriðjudaginn í næstu viku. Tillögurnar eru í kynningu frá 18. febrúar 2020 til og með 31. mars 2020. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóðum.

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/snorrabraut-60-0>

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/skogarhlid>

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Snorrabraut 60

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 29. janúar 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 6. febrúar 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar nr. 58-60 við Snorrabraut. Í breytingunni felst að kvöð um undirgöng er felld niður. Í stað hennar kemur kvöð um inndregna jarðhæð á horni til norðvesturs þar sem gönguleið verður að núverandi húsi og inngangi viðbyggingu. Byggingarreit 4. hæðar við þaksvalir er breytt lítillega og byggingarmagn ofanjarðar (A-rými) er minnkað um 50 fm. en byggingarmagn neðanjarðar er aukið um 250 fm. og 300 fm. B-rými er bætt við. Meginfletir útveggja skulu vera sléttir eða steinaðir. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Skógarhlíð

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 29. janúar 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 6. febrúar 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skógarhlíðar vegna nýrra undirganga undir Litluhlíð og nýrra göngu- og hjólastíga meðfram Skógarhlíð. Jafnframt er aflagður göngustígur meðfram Bústaðarvegi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14, 1. hæð**, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **18. febrúar 2020 til og með 31. mars 2020**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 31. mars 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is